

169. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 3. apríl 2024 kl. 17

Mætt voru af skólanefndarfulltrúum: Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Puríður Lillý Sigurðardóttir, Magnús Jónsson og Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Stefáns Boga Sveinssonar. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir: Eygló Björg Jóhannsdóttir f.h. foreldra, Sebastián Andri Kjartansson f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 168. fundar undirrituð/samþykkt af hlutaðeigandi
2. Gangurinn í skólastarfinu
3. Fjármál og mótvægisáðgerðir
4. Starfsmannamál vorannar
5. Félagslíf nemenda – á döfinni
6. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 168. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 168. fundar var undirrituð og staðfest. Skólameistari hafði einnig sent þrjár aðrar fundargerðir í rafræna undirritun en ekki allir búnir að undirrita þær með rafrænum skilríkjum. Hann mun senda ítrekanir.

2. Gangurinn í skólastarfinu

Skólameistari sagði frá skólastarfinu. Leikfélag ME setti upp Litlu hryllingsbúðina í Sláturhúsinu og allt tókst mjög vel. Ný spönn hófst 6. mars. Opinn dagur var í mars. Einnig var kynningardagur þar sem mættu 130 manns. Kynningardagurinn er haldinn fyrir 10. bekkinga og forráðafólk þeirra. Ball var haldið á Iðavöllum á fimmtudeginum fyrir páskafrí þar sem allt var til fyrirmyndar og gekk mjög vel. Seinni spönnin verður senn hálfnuð. Skólameistari hafi fundarmönnum ársskýrslu skólans sem send hefur verið til ráðuneytisins og farið var yfir nokkur atriði í henni.

3. Fjármál og mótvægisáðgerðir

Skólameistari fór yfir það sem tilgreint var í ársskýrslunni um fjárhag. Langtímaveikindi starfsmanna, aldursafsláttur kennara og ósjálfbær fjarnámssamningur eru tíunduð þar sem ástæður fyrir hallarekstri undanfarin ár. Ársreikningur 2023 mun liggja fyrir í júní en útlit fyrir að rekstrarafgangur verði á árinu 2023 og því mun uppsafnað tap skólans í ríkisreikningi lækka. Vonir standa til að vorönn verði líka réttu megin við núllið í rekstri skólans. Mikið er í húfi að tapa ekki ársnemendum og því þarf að fjölga fjarnemendum á haustönn. Tveir sérfræðingar komu frá ráðuneytinu í mars til að ræða starfið, fjármál og aðstæður og var það ágæt heimsókn að mati skólameistara. Skólameistari fór einnig yfir þjónustusamning við Fjársýslu ríkisins sem var undirritaður nú í fyrsta sinn. Skólanefndarfulltrúar töldu að fylgjast þyrfti vel með hverju þessi þjónustusamningur skilaði og passa upp á að hann leiddi ekki til tvíverknaðar.

4. Starfsmannamál vorannar

Skólameistari sagði frá fyrirséðum breytingum í starfsmannahópnum. Bergþóra Arnórsdóttir áfangastjóri hefur sótt um ársleyfi frá og með 1. apríl en hún mun þó starfa áfram aðeins fram á vorið. Starfið var auglýst innanhúss og ein umsókn barst, þ.e. frá Eyrúnu Arnardóttur. Hún hefur verið ráðin. Hildur Bergsdóttir hefur sagt upp störfum og Maríanna Jóhannsdóttir hefur sagt upp sem brautarstjóri starfsbrautar. Auglýst var

eftir raungreinakennara í stað Eyrúnar ásamt brautarstjóra starfsbrautar og skólafélagsráðgjafa. Verið er að ganga frá ráðningum í þær stöður. Dagur Skírnir Óðinsson mun koma úr launalausum leyfi. Sigríður Júnía Ástráðsdóttir hefur sagt upp en hún hefur verið aðstoðarkennari á starfsbraut. Thelma Björk Sverrisdóttir kennir nú landafræði á starfsbraut. Einn starfsmaður er í veikindaleyfi. Kristjana Valgeirsdóttir skrifstofustjóri lét af störfum í mars vegna aldurs. Hulda Sigurdís Þráinsdóttir var ráðin í hennar stað. Rannveig Þórhallsdóttir hefur sótt um ársleyfi frá 50% stöðu vegna doktorsnáms.

5. Félagslíf nemenda – á döfinni.

Fulltrúi nemenda sagði frá því sem er á döfinni í félagslífinu sem hefur verið fjörugt þetta skólaárið. Ball heppnaðist mjög vel og leiksýningin var vinsæl og skilaði hagnaði. Fjárhagurinn nemendaráðsins er því góður. Tónleikar hjá TME verða eftir rúmlega mánuð. Stefnt er að lokaballi í samvinnu við VA í lok annar. Nú standa yfir kosningar í nemendafélagsstjórnina og embætti. Vel hefur gengið að fá nemendur til að bjóða sig fram og þarf að kjósa um flest embætti.

6. Önnur mál

- Brautskráning verður í Valaskjálfi laugardaginn 18. maí kl. 14. Útskriftarefni eru 50 talsins.
- Formaður skólanefndar sagði frá að hann hefði setið fund ráðherra með öðrum skólanefndarformönnum framhaldsskóla. Þar var verið að stofna samtalsvettvang. Formaður sagðist hafa stungið upp á að gerð yrði handbók fyrir skólanefndir. Einnig hefði hann nefnt fjarnemamál og það að ekkert tilliti er tekið til langtímaveikinda starfsmanna í framlögum til framhaldsskóla. Í máli ráðherra hafði komið fram að framhald ætti að verða á svona fundum.
- Sigrún Birna spurði hvort væri einhver umræða um að færa nám til stúdentsprófs aftur í 4 ár í kjölfar rannsóknar sem sýndi að nemendur kæmu verr undirbúnir í háskóla eða hvort starfshópur hefði verið settur á laggirnar. Ekki hefur heyrst af því frá ráðuneytinu.
- Formaður nefndi inngildingarstefnu og hvort skólinn hefði sett sér stefnu þar. Skólameistari sagði frá að sérfræðingur hefði komið með fyrirlestur fyrir starfsmenn um inngildingu og eins væri næsta Erasmus verkefni á vegum skólans helgað inngildingu.
- Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 29. maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Þorvaldur P. Hjarðar

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Magnús Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P Hjarðar